

BMF-2015-06 Jarðfræðisafn/afritun kvikmynda

Síðan 2008 hefur Breiðdalssetur náð að festa sig í sessi sem jarðfræðisetur. Til að geta boðið upp á aðstæður til faglegrar kennslu á jarðfræðivettvangi þyrfti að setja upp skipulagða steinageymslu og skipuleggja skjalageymslu betur. Þá er mikilvægt að hafa greiðan og skjótan aðgang að sýnum, sem í dag eru á víð og dreif um húsið. Skjalageymslan er skipulögð en töluverð vinna er eftir í að gera öll gögn aðgengileg á rafrænu formi. Þessu þarf að bæta úr sem fyrst til þess að sýnin og gögnin geti orðið til gagns við kennslu, í listastarfsemi og fl.

Um þrjár tegundir bergsýna er að ræða:

1. Sýni frá Austfjörðum sem hefur verið safnað af jarðfræðingi Breiðdalsseturs síðustu 3 ár, bæði til kennslu og fyrir sýningar.
2. Sýni úr Norðfjarðargöngum, safnað 2014 og 2015 á meðan borun ganganna stóð yfir.
3. Kennlusýni frá jarðfræðingnum Dr. G.P.L. Walker. Þess ber að geta að hluti af safni hans er enn í Hawaii og verður það sótt sem fyrst.

Verkefninu var úthlutað 500.000 kr. árið 2015.